

REGLUGERÐ**um holræsi og holræsagjald fyrir Flateyrarkauptún.**

1. gr.

Þar, sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsi sínu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti, sem unnt er, leitt í húsræsið.

Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi, með hæfilegum fresti, sem hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndinni heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað.

Bannað er að leiða frárennsli úr gripahúsum í holræsi hreppsins.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita, eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum tilheyrir, utan húss og innan, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsälögn þorpsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við holræsagerð hreppsins, skal árlega greiða holræsagjald af öllum húsum og vinnustöðvum, sem standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, og fer gjaldið eftir gjaldskrá, sem hér segir:

- a. Fast gjald á hvert hús kr. 30.00
 b. Fast gjald á hverja íbúð fram yfir eina í húsa — 10.00

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, kr. 30.00.

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda, og ber hann ábyrgð á greiðslu þess.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð, er húsið stendur á, ef hún er eignarlóð hans. næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 500 krónum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 frá 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. maí 1945.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.